

# Reglur Eignaval – Hlutabréf

## 1. gr.

### Heiti sjóðsins og rekstrarform.

Nafn sjóðsins er Eignaval – Hlutabréf. Kennitala sjóðsins er 591112-9880 Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður.

Sjóðurinn starfar óskiptur og hefur ekki heimild til markaðssetningar í öðrum ríkjum en á Íslandi.

## 2. gr.

### Fjárfestingarstefna sjóðsins.

Markmið Eignavals – Hlutabréfa er að ávaxta fjármuni hlutdeildarskírteinishafa á virkan hátt með því að nýta sér fjárfestingar í þeim innlendu og erlendu sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem rekstaraðili telur best á hverjum tíma. Eignaval – Hlutabréf er blandaður sjóður (e. balanced fund) og hefur því heimild til að fjárfesta í sjóðum sem fjárfesta í hlutabréfum og skuldabréfum. Sjóðnum er heimilt að festa það fé, sem hann nýtir til fjárfestinga í öðrum sjóðum í sjóðum Stefnis hf. Sjóðurinn hefur jafnframt heimild til að kaupa einstök hlutabréf og skuldabréf. Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í óskráðum hlutabréfum.

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og 2., 4. og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011, þ.e. aukið svigrúm fjárfestingarsjóða umfram verðbréfasjóði til fjárfestinga í einstökum útgefendum og heimild fjárfestingarsjóða til fjárfestinga í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu heldur en verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum. Öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skv. 2. mgr. 59. gr. laganna er m.a. heimilt að fjármagna sig með lántökum og skortsölu. Verðbréfasjóðum er ekki heimilt að fjárfesta í slíkum sjóðum.

Samkvæmt 2. mgr. 59. gr. laganna má heildarfjárfesting í öðrum sjóðum en verðbréfa-/fjárfestingarsjóðum ekki vera meiri en 20%. Auk þess má heildarfjárfesting í einstaka sjóði ekki nema meira en 20%, sbr. 1. mgr. 39. gr. laganna.

Sjóðnum er heimilt skv. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðsins í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% eignum sjóðsins aðeins í einum útgefanda.

Sjóðnum er heimilt að nýta sér heimild 5. mgr. 59. gr. laganna til að fjárfesta meira en 30% af eignum sjóðsins í fjárfestingarsjóðum.

Aðrar fjárfestingarheimildir 59. gr. laganna er sjóðnum ekki heimilt að nýta.

Sjóðnum er heimilt að nýta sér heimild 38. gr. laga nr. 128/2011 til þess að fjárfesta umfram 35% og allt að 50% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins.

Sjóðnum er ekki heimilt að fjárfesta í afleiðum.

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast að öðru leyti við fjárfestingarheimildir II. kafla laga nr. 128/2011.

Fjárfestingarviðmið sjóðsins er að 80% af eignum sjóðsins sé í hlutabréfum, ýmist beint eða í gegnum sjóði og 20% af eignum sjóðsins sé í innlánnum eða skuldabréfum og víxlum í íslenskum krónum útgefnum af íslenska ríkinu eða með ábyrgð íslenska ríkisins, ýmist beint eða í gegnum sjóði.

Sjóðurinn má fjárfesta allt að 100% í hlutabréfum eða í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta í innlendum og erlendum hlutabréfum.

Sjóðurinn getur fjárfest allt að 10% í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, sem fjárfesta í sérhæfðum fjárfestingum.

Sjóðurinn getur einnig fjárfest í óskráðum hlutabréfum hlutafélaga og samlagshlutafélaga, að hámarki 10%.

Sjóðurinn getur fjárfest í fagfjárfestingsjóðum, allt að 20% af eignum sínum, sbr. 2. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011. Nýting einstakra liða í neðangreindri töflu verður á hverjum tíma að taka mið af því hámarki.

Hlutabréf og hlutabréfasjóðir	30-100%
Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands og First North	0-70%
Í verðbréfasjóðum sem eingöngu fjárfesta í innlendum og erlendum hlutabréfum	0-60%
Í fjárfestingarsjóðum sem eingöngu fjárfesta í innlendum og erlendum hlutabréfum	0-60%
Í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, sem eingöngu fjárfesta í innlendum og erlendum hlutabréfum	0-20%
Erlend hlutabréf	0-50%
Innlán fjármálfyrirtækja og sjóðir sem fjárfesta í innlánnum	0-50%
Skuldabréf og víxlar í íslenskum krónum útgefnar af íslenska ríkinu eða með ábyrgð íslenska ríkisins	0-50%
Í verðbréfasjóðum sem einkum fjárfesta í skuldabréfum og víxlum í íslenskum krónum útgefnar af íslenska ríkinu eða með ábyrgð íslenska ríkisins	0-40%
Í fjárfestingarsjóðum sem einkum fjárfesta í skuldabréfum og víxlum í íslenskum krónum útgefnar af íslenska ríkinu eða með ábyrgð íslenska ríkisins	0-30%
Í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, sem einkum fjárfesta í skuldabréfum, víxlum og öðrum skuldavíðurkenningum í íslenskum krónum útgefnar af íslenska ríkinu eða með ábyrgð íslenska ríkisins	0-20%
Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir – sérhæfðar fjárfestingar	0-10%
Í óskráðum hlutafélögum og samlagshlutafélögum	0-10%

Með „sérhæfðum fjárfestingum“ er átt við fjárfestingar í framtakssjóðum (e. private equity) og vogunarsjóðum (e. hedge funds). Einnig er átt við höfuðstólstryggð skuldabréf sem tengd eru vísitölum, svo sem á hlutabréf, gjaldmiðla eða vexti (e. structured notes).

### 3. gr.

#### Rekstrarfélag, vörslufyrirtæki og söluaðili sjóðsins.

Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, fer með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 128/2011.

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Stefni hf. er óheimilt að skipta um vörsluaðila nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Auk verðbréfavörslu sinnir Arion banki ýmsum öðrum verkefnum í rekstri sjóðsins. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 128/2011 hefur rekstrarfélag sjóðsins fengið samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir því að útvista til Arion banka ýmsum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins, s.s. að annast mat á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins. Varðandi illseljanlegar eignir, skráðar sem óskráðar, hefur sérstök verðmatsnefnd Stefnis umsjón með verðmæti á slíkum eignum í samvinnu við bankann. Samkvæmt sömu lagaheimild viðheldur bankinn skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina, annast útreikninga á innlausnarvirði sjóðsins og annast vörslu hlutdeildarskírteina og annarra gagna um viðskipti. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 128/2011 hefur útvistun á framangreindum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins engin áhrif á ábyrgð félagsins gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina.

Arion banki hf. annast og ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjöri sjóðsins í samræmi við samþykktir sjóðsins, lög nr. 128/2011 og bókhaldslög. Arion banki hf. sér um að útbúa og senda efnahags- og rekstrarreikninga skv. lögum til endurskoðanda. Jafnframt skal bankinn senda skýrslu til Seðlabanka Íslands og skýrslu til Fjármálaeftirlitsins reglulega í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru vegna þeirra sjóða sem um ræðir. Aðrar

skýrslugjafir til opinberra aðila vegna sjóðsins er jafnframt í höndum Arion banka hf. ef efnið varðar þá þætti sem bankinn hefur tekið að sér samkvæmt samningnum.

Í lok hvers mánaðar sér Arion banki hf. um að greiða eignastýringar- og vörsluþóknun fyrir sjóðina. Mánaðarlegt uppgjör sjóðanna, uppgjör til endurskoðenda, skýrslur til utanaðkomandi eftirlitsaðila og viðskiptamanna skal borið undir framkvæmdastjóra Stefnis hf. til umsagnar.

Arion banki hf. er söluaðili sjóðsins og annast þjónustu við þá sem fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum og annast milligöngu um útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina. Arion banki hf. annast markaðsetningu og sölu hlutdeildarskírteina að öðru leyti.

Um verkefni sjóðsins fer nánar skv. samningum rekstrarfélagsins og viðkomandi aðila. Rekstrarfélag skal skipa sjóðnum sjóðstjóra, einn eða fleiri. Sjóðstjóri skal sinna rekstri sjóðsins, m.a. taka ákvörðun um fjárfestingar hans.

#### **4. gr.**

##### **Þóknunir.**

Þóknun Stefnis hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 2% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 1,35% p.a.

Heildar umsýsluþóknun þeirra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem sjóðurinn fjárfestir í skal að hámarki nema 2% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar þess sjóðs meðan hann er starfræktur.

Þóknun Arion banka hf. fyrir umsjón og vörslu fjármálagerna sjóðsins er innifalinn í þóknun Stefnis hf.

Söluþóknun rennur til Arion banka hf. fyrir sölu hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Sölu- og innlausnarþóknun er að hámarki samtals 2%. Söluþóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 1,0%. Innlausnargjald er í dag 0%.

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í þóknun rekstrarfélagsins og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Rekstrarfélagið áskilur sér jafnframt rétt til að krefjast endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfa, kostnað vegna áskriftar að verðbréfavísitölum ef um það er að ræða, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar og póst – og pappírskostnaðar og annars slíks. Gjaldfærður kostnaður vegna framangreindra liða má þó ekki verða hærri en sem nemur 0,05% af verðmæti meðaltals hreinnar eignar sjóðsins á ársgrundvelli

Leiði sérstakar aðstæður til þess að verja þarf hagsmuni sjóðsins með aðgerðum sem fyrirsjáanlega fara umtalsvert fram úr framangreindu hlutfalli má gjaldfæra kostnað vegna þess hjá sjóðnum, enda leiði mat Stefnis til þeirrar niðurstöðu að hagsmunum sjóðfélaga sé best borgið með þeim hætti. Slík gjaldfærsla er háð tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

#### **5. gr.**

##### **Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.**

Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína. Þeir sem fá sjóðnum fjármuni fá í hendur kvittun fyrir kaupum á hlutdeildarskírteinum sem staðfestir að lágmarki, kaupdag, fjölda eininga og kaupverð

Hlutdeildarskírteini verða gefin út af Stefni hf. til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar og óska eftir því. Hlutdeildarskírteini verða send þeim sem þess óska í ábyrgðarpósti eigi síðar en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur

gefið út kvittun. Hlutdeildarskírteini sjóðsins verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi. Lokunartími sjóðsins er kl. 14:00 og uppgjör sjóðsins vegna kaupa miðast við t+3 en vegna sölu t+3. Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 128/2011 uppfyllt.

## **6. gr.**

### **Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar.**

Afborganir, vextir og annar hagnaður af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

## **7. gr.**

### **Útreikningur á innlausnarvirði hlutar.**

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðinn er markaðsvirði samanlagðra eigna viðkomandi deildar að frádregnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

## **8. gr.**

### **Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.**

Ef samanlagt markaðsverðmæti verðbréfa og annarra fjármálagerna sjóðsins fer undir 100.000.000 kr. skal stjórn rekstrarfélags sjóðsins kanna sérstaklega hvort hagstæðara sé fyrir hlutdeildarskírteinishafa að sjóðnum sé slitið. Ákvörðun um slit og sjóðsins skal tekin af Stefni hf. Þá tekur Stefnir hf. ákvörðun um samruna sjóðsins við aðra sjóði, með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblöðum.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og/eða samruna og tilgreinda dagsetningu gildistöku slitanna og/eða samrunans og skal sú dagsetning vera minnst þremur vikum eftir útsendingu tilkynningar.

Á því tímabili sem líður frá því rekstrarfélagið sendir út tilkynningu og þar til samruni sjóðs tekur gildi, skulu hlutdeildarskírteinishafar sem ekki eru samþykkir samrunanum hafa tækifæri til að krefjast innlausnar allra hlutdeildarskírteina sinna samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um innlausn.

Komi til slita sjóðsins skal Stefnir hf. koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu þeirra. Stefni hf. er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (in kind), á sanngjarnan hátt. Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjörs sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn Stefni hf. til vörslu um sex mánaða tíma. Við lok þessa tímabils skulu eignir sem ekki hefur verið gerð krafa til, faldar Arion banka hf. til vörslu, í þágu þeirra er í hlut eiga.